

**VESTFIRSKIR  
VERKTAKAR**  
www.vverk.is

Hábrýstipvottur  
Kjarnaborun  
Steinsögum  
Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu  
• Lánsúmsókn á netinu

**Íbúðalán.is**  
www.ibudalan.is



Símanúmer  
Landsbankans  
á Ísafirði  
er  
**410 4156**

Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 31. maí 2007 · 22. tbl. · 24. árg.



**Héðan á ég ekkert nema góðar minningar**

– sjá viðtal í miðopnu við Jón Fanndal Þórðarson þar sem hann ræðir m.a. um heimastjórnarhátíðina og uppreisnarandann um leið og hann kveður Vestfirði eftir áratuga búsetu



Var orðinn hundleiður



Menntaskólanum á Ísafirði var slitið í 37. sinn á laugardag. Fjörutíu nemendur voru útskrifaðir; 28 stúdentar, tveir sjúkraliðar, einn úr rennismiði, tveir af 2. stigi vélstjórnar og sjö úr grunnnámi málmíðngreina. Hæstu einkunn hlaut Edith Guðmundsdóttir Hansen stúdent af náttúrufræðibraut eða 9,41. Hlaut hún verðlaun sem Aldarafmællissjóður Ísafjarðarbæjar gefur þeim nemanda sem hlýtur hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi. Einnig hlaut Edith verðlaun kanadíska sendiráðsins fyrir framúrskarandi árangur í frönsku og ensku, peningaverðlaun, sem Ragnheiður Hákonardóttir, Guðbjartur Ásgeirsson og fjölskylda gefa til minningar um Guðbjart Guðbjartsson, fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og verðlaun Stærðfræðifélagsins fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði.

**SAGÐI  
BANKANUM  
SÍNUM UPP!**

Ætlar að reyna  
við Sparisjóðinn

Við lögum okkur  
að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálfyrirtæki sem þú skiptir við. Hljá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmunum og þerfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

**SPARISJÓÐURINN**  
– fyrir þig og þína

Við flytjum allt ...  
... og ekkert er of stórt fyrir okkur

**EIMSKIP**  
flytjandi

Fyrirskala | 400 Ísafirðir | Sími 525 2890 | Fax 525 2899 | www.flytjandi.is



## Dagurinn í dag

31. maí 2007 – 151. dagur ársins

**Þennan dag** árið 1973 hittust Richard Nixon Bandaríkjaforseti og Georges Pompidou Frakklandsforseti í Reykjavík og héldu fundi um heimsmálin á Kjarvalsstöðum. Með í för voru m.a. Henry Kissinger og Giscard D'Estaing.



## Eiríkur Finnur áfram hjá sparisjóðnum

Eiríkur Finnur Greipsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga hefur ákveðið að halda áfram störfum fyrir sjóðinn. Á fundi stjórnar sjóðsins sem haldinn var á Patreksfirði í síðustu viku, kom fram sú eindregna ósk frá stjórn sjóðsins að Eiríkur Finnur endurskoðaði þá ákvörðun sína að óska eftir starfslokum hjá sjóðnum og varð hann við þeirri beiðni. Eiríkur Finnur hefur starfað við Sparisjóð Vestfirðinga frá stofnun hans en þar áður starfaði hann hjá Sparisjóði Öfundarfjarðar, eða frá árinu 1996.

## 270 milljóna króna kröfur í protabú Ágústs og Flosa ehf

Kröfur í protabú Ágústs og Flosa ehf. á Ísafirði nema rúmlega 270 milljónum. Stærstu kröfuhafarnir eru Sýslumaðurinn á Ísafirði sem gerir 38 millj. kröfu í búíð, Lífeyrissjóður Vestfirðinga með tæplega 20 millj. kröfu og Landsbankinn með 30 millj. kröfu. Stærstu kröfuna gerir Guðmundur St. Björgmundsson fyrir hönd Dalshúsa ehf. og hljóðar hún upp á 70 millj. króna. Skiptafundur í protabú byggingarfyrirtækisins Ágústs og Flosa fór fram þann 4. apríl.

Skiptastjóri er skipaður Sigmundur Guðmundsson, héraðsdómslögmaður á Akureyri. Sigmundur segir að

líklegast náist ekki nema upp í veðkröfur í búíð þar sem eignir fyrirtækisins voru ekki miklar. Ekki er búíð að ráðstafa eignum fyrirtækisins, en fasteignir þess, vélar og tæki voru auglýst til sölu og hafa bólar þess verið seldir. Einhver tilboð hafa borist í eignirnar en ekki er búíð að taka afstöðu til þeirra. Gengið verður frá málinu á næstu dögum.

Ágúst og Flosi ehf. var lýst gjaldþrota í byrjun árs en það var gert að beiðni Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Hjá fyrirtækinu störfuðu 20 manns og var það í meirihlutaeigu Björgmundar Guðmundssonar. – smari@bb.is

# Snjóflóðavarnir í Bolungarvík boðnar út

Nú styttest í að snjóflóðavarnir í Bolungarvík verði boðnar út. Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir að breytingar á aðalskipulagi hafi verið auglýstar á föstudag. Sex vikna frestur er gefinn til að komar fram athugasemdum við skipulagið á framfæri sem og að kæra það. Grímur segist vona að

verkið fari í útboð í framhaldi af því og ættu framkvæmdir jafnvel að geta byrjað síðsumars eða í haust. Vonir stóðu til að framkvæmdir gætu hafist fyrir en Grímur segir að svona stór verk geti alltaf tafist í kerfinu enda þurfa margar stofnanir að gefa álit sitt og samþykki. Hann hefði viljað að þetta tæki styttri tíma en

tekur fram að það borgi sig að vanda til verka í eins umsvifamiklu verki og snjóflóðavarnirnar í Bolungarvík eru.

Varnargarðurinn í Bolungarvík á að vera um 18-22 metra hár og 700 metra langur þvergarður, staðsettur þar sem Dísarland er nú. Auk þess verða 8 keilur ofar í fjallinu. Áætlað er að í varnarvirkin fari um

400 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni sem reiknað er með að fáið innan framkvæmdasvæðisins. Áætlaður heildarkostnaður við byggingu varnarvirkjanna er 750 milljón krónur en endanlegur kostnaður ræðst þó af þeim tilboðum sem berast í verkið. Gert er ráð fyrir að bygging varnanna taki um 2-3 ár.



Bifreið á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar fór út af veginum um Óshlíð á föstudag. Ein kona var í bílnum og þurfti að beita klippum til að ná henni úr bílnum. Hún var flutt á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, en er ekki talin alvarlega slösuð. Bíllinn valt upp fyrir veg, sem hlýtur að teljast lán í óláni, enda hlíðin snarbrött fyrir neðan veginn.



Skipulagsstofnun

## Snjóflóðavarnir í Bolungarvík

Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Bolungarvíkurkaupstaður hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar, frummatsskýrslu umsnjóflóðavarnir í Bolungarvík.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **25. maí til 9. júlí 2007** á eftirtöldum stöðum: Á bókasafninu í Bolungarvík og á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar. Einnig í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða; [www.nave.is](http://www.nave.is).

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **9. júlí 2007** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun.

## Formleg opnun Edinborgarhússins

Edinborgarhúsið á Ísafirði verður opnað með pompi og prakt n.k. sunnudag. Edinborgarhúsið er eitt þriggja menningarhúsa á Ísafirði, hin eru Gamla sjúkrahúsið og tónleikasalurinn Hamrar. Húsið er byggt árið 1907 fyrir Edinborgarverslunina og var afar mikil völundarsmíð á þeim tíma. Lengst af ævi hússins var það pakk- og frystihús. Það var teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn. Í upphafi tíunda áratugar

síðustu aldar var húsið keypt af Edinborgarhúsinu ehf. en félagið er eign helstu menningarsamtaka bæjarins.

Framtíðarsýn þeirra sem fóru af stað með það verkefni var að hýsa undir einu þaki sem flesta þætti menningarstarfsemi bæjarins. Eftir nokkurra ára vinnu sjálfbóaliða við að endurbyggja húsið, með tilheyrandi blóði, svita og tárur, birti til er kynntar voru hugmyndir um menningarhús á landsbyggðinni. Bæði ríki og sveitarfélög koma að

því verkefni. Ásamt því að hýsa menningartengda starfsemi er húsið hjarta ferðamennsku á Vestfjörðum, en bæði Vesturferðir og upplýsingamiðstöð ferðamála eru til húsa í Edinborg. Þá hefur Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar kennt í húsinu í allmörg ár og svo verður áfram. Þá er einnig veitingastaður í húsinu sem opnar á sunnudaginn. Jón Sigurpálsson, einn þeirra sem hefur verið viðloðandi Edinborgarhúsið frá því að fyrstu hugmyndir komu fram um

nýtt hlutverk þess, segir að n.k. sunnudagur verði mikill áfangi í sögu hússins, þó svo að eitthvað verði eftir af framkvæmdum. Húsið er opið milli kl. 14 og 18 á sunnudag.

Mikil og vegleg hátíðardagsskrá verður í boði. Sýndur verður dans, Stórsveit Vestfjarða spilar, nemendur Listaskólans koma fram, leikarar frá Litla leikklúbbum og margt fleira. Vestfirðingar eru hvattir til að mæta og fagna þessum merka áfanga í menningarsögu Vestfjarða.



## Falið að fylgjast með þróun mála á Flateyri

Einari K. Guðfinnssyni, sjávarútvegsráðherra, og Össuri Skarphéðinssyni, iðnaðarráðherra, var á fyrsta ríkisstjórnarfundinum nýrrar ríkisstjórnar falið að fylgjast með þróun mála á Flateyri þar sem Kambur, stærsta sjávarútvegsryrtækið á staðnum, er að hætta starfsemi. Einar sagði við Útvarpið að staðan ætti eftir að skýrast og í ljós kæmi hvað yrði um aflaheimildir Kambs. Ekki er ljóst hvenær málin skýrast frekar, segir Einar, málið er á forræði eigenda Kambs. Hann viðurkennir þó að þó aflaheimildir verði áfram á Flateyri muni það ekki leysa allan vanda. Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segir að ríkja eigi sem mestur stöðugleiki í sjávarútvegi. Frá þessu segir á [ruv.is](http://ruv.is).

# Þörf á stórátaki til að gera fyrirtæki samkeppnishæf

Verkalýðsfélag Vestfirðinga telur að ráðamenn þjóðarinnar þurfi að gera stórátak til að gera fyrirtæki á Vestfirðum betur samkeppnishæf með hagræðingu á flutningskostnaði. Í hugleiðingu sem birt er á vef félagsins varðandi atvinnulíf í fjórðunginum segir að öll umræða um lækkingu á flutningskostnaði á fundi Vestfjarðarnefndar hafi verið svæfð. Þar segir einnig að töpuð störf verða ekki eingöngu bætt með opinberum stöðum.

„Það var ekki annað að heyra á orðum nefndarmanna að á félagsvæði Verk - Vest eigi að fylla upp í þau störf sem þegar hafa tapast, jafnt frá grunnatvinnuvegunum sem öðrum, með opinberum störfum. Mjög er rætt um að koma þurfi til viðhorfsbreytinga sem skýtur þó skökku við, þar sem ekki á að hefja vinnuna við tilfærslu starfa á

Vestfirðum heldur á höfuðborgarsvæðinu.

Mjög ber á þeirri hugsun að þessi störf geri kröfu um sérfræðimenntun eða þá mjög sérhæfða þekkingu þar sem krafa verði gerð um æðri menntun. Ekkert var rætt um möguleika á vexti sprotafyrirtækja eða um hvaðningu einkaframtaks.

Lítið var talað um afleidd störf eða störf tengd öðru en opinberum lausnum, og var nokkuð undarlegt að heyra að nefndin virðist ekki taka til umfjöllunar hugmyndir nema þær væru fullunnar og vel rökstuddar, bæði um hvernig þær ætti að framkvæma og eins varðandi framtiðaráform, eins og t.d. hugmyndin um olíuhreinsunarstöðina.

Þá var öll umræða um lækkingu eða hagræði á flutningskostnaði til og frá Vestfirðum svæfð eða eytt með

tali um breytt hugarfar. Ekki fengust svör um strandsiglingar þrátt fyrir nokkuð ítrekaðar fyrirspurnir fundarmanna. Lítið var rætt um þau störf sem þegar hafa horfið af svæðinu, hvorki þau opinberu né í framleiðslugreinum okkar, en meira var talað um þau 80 opinberu störf sem væru rétt handan við hornið fyrir Vestfirðinga.

Í ljósi nýliðinna atburða á Flateyri – Kambur -, Bolungarvík – Bakkavík - og á Ísafirði – Marel - hljóta ráðamenn þjóðarinnar að sjá að ekki verður fyllt upp í þau störf sem tapast hafa í framleiðslugreinum Vestfirðinga með því að bjóða eingöngu upp á opinber störf. Þó eru nokkrir ljósir punktar í umræðunni eins og uppbyggingin sem er í gangi á Bildudal og það að hluti aflaheimilda Kambs virðast ætla að enda hjá fyrir-

tækjum hér á Vestfirðum.

Mikill þungi var í orðum nefndarinnar um breytingu á hugarfari, en þá þarf sú breyting að verða á báða bóga. Það verður að auðvelda þeim framleiðslufyrirtækjum sem hér eru í rekstri við að koma framleiðsluvörum á markað án þess að til komi óheyrilegur flutningskostnaður. Þar þurfa ráðamenn þjóðarinnar að gera stórátak til að gera fyrirtæki á Vestfirðum betur samkeppnishæf. Sömuleiðis verður að gera stórátak til að tryggja að sem mest af sjávarafurðum okkar Íslendinga komi til vinnslu í landi en verði ekki fluttar erlendis til fullvinnslu þar. En með því kerfi sem er í gangi í sjávarútvegi landsmanna er verið að kippa stöðunum undan landvinnslu sjávarafurða á Íslandi,“ segir á vef Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

– [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



FISKISTOFA  
Dalshraun 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Bréfasími 569 7991 •  
<http://www.fiskistofa.is>

## Staða útíbússtjóra er laus til umsóknar

Staða útíbússtjóra útíbús Fiskistofu á Ísafirði er laus til umsóknar. Við útíbúið starfa tveir eftirlitsmenn auk útíbússtjóra. Helstu verkefni útíbúsins eru almennt veiðieftirlit til sjós og lands, eftirlit með út- og innflutningi sjávarafurða, eftirlit með eldi nytjastofna sjávar og verkefni er varðar tólmstundaveiðar. Starf útíbússtjórans felur auk þess í sér skyldur á sviði bakreikninga.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun, búi yfir þekkingu á veiðum og vinnslu sjávaraflla og hafi staðgóða bókhaldsþekkingu og tölvukunnáttu.

Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður, faglegur og nákvæmur í vinnubrögðum og býr yfir færni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera ákveðinn, sanngjarn og háttvís. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar Fiskistofu merktrar „Útibússtjóri á Ísafirði“ fyrir 9. júní 2007. Einnig er hægt að senda umsóknir til [fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is).

Upplýsingar um starfið veitir Eypór Björnsson, forstöðumaður veiðieftirlitssviðs í síma 569 7900.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Fiskistofu við ráðningar. Umsóknir sem berast að umsóknarfresti loknum verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Fiskistofu má finna á heimasíðu: <http://www.fiskistofa.is>.

Hafnarfjörður, 24. maí 2007,

**Fiskistofa – [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)**

Dalshrauni 1 – 220 Hafnarfjörður

Sími 569 7900 – Fax 569 7991



# Bátar í eigu Kambs seldir

Samkomulag er um að tveir bátar í eigu Kambs á Flateyri verði seldir til nærliggjandi plássá á Vestfirðum. Þeir taka ríflega helming kvótans sem Kambur hafði til umráða. Bæjarstjórn Ísafjarðar ætlar að gera úttekt á því hvort hægt sé að stofna félag sem gæti keypt aflaheimildir í þeim tilgangi að halda fiskvinnslu á staðnum.

Allar eigur Kambs ehf. á Flateyri hafa verið til sölu frá því fiskvinnslan var nýlega

lögð niður. Í eigu félagsins voru fimm línubátar með hátt í 2700 þorskgildistonn og fiskvinnsluhúsið. Hinrik Kristjánsson framkvæmdastjóri Kambs segir að samkomulag hafi verið gert um að tveir línubátar með um 1600 þorskgildistonn verði seldir til Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þriðji báturinn var seldur til Dalvíkur en ekki hefur borist tilboð í fiskvinnsluhúsið.

Hinrik segir að verið sé að ganga frá sölu síðustu tveggja

bátanna til annarra staða á landinu. Miklar áhyggjur eru af atvinnuástandinu á Flateyri eftir að 120 starfsmönnum Kambs var sagt upp störfum. Nýlega var samþykkt á bæjarstjórnarfundinum á Ísafirði að gera úttekt á því hvort bæjayfirvöld gætu stofnað almenningshlutafélag sem keypti aflaheimildir til að halda fiskvinnslunni á staðnum. Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði segist hlynntur því að gerð verði úttekt en staðreynd-

in sé sú að tiltölulega lítill afli fáiast fyrir mikið fé.

Bæjarstjórnin segir einnig að kanna verði hvort skynsamlegra sé að stuðla að atvinnuuppbyggingu á Vestfirðum fremur en að bæjarýfirvöld kaupi kvóta.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra sagðist í hádegisviðtali á RÚV hafa fulla trú á að það takist að bjarga atvinnulífnum á Flateyri.

– [smari@bb.is](mailto:smari@bb.is)



## Hjartalæknir

Sigurpáll Scheving hjartalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 6.-8. júní.

Tímappantani í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

# Staður til að seðja hugann jafnt og magann

Helga Vala Helgadóttir, bæjarstjórafrú og lögfræðinemi í Bolungarvík, hefur tekið að sér rekstur nýs veitingahúss í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Í húsinu sem nú er verið að ljúka við að gera upp verður 100 sæta veitingasalur auk leiksals. Edinborgarhúsið var byggt árið 1907 og er eitt stærsta timburgrindarhús sem byggt hefur verið á Íslandi. Unnið hefur verið að því undanfarið ár að gera Edinborgarhúsið upp. Það var teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn.

Fjölbreytt starfsemi hefur farið fram í Edinborgarhúsinu í gegnum tíðina m.a. saltfiskverkun og rækjuvinnsla. Í rúman áratug hafa ýmis félagsamtök unnið að uppbyggingu þess sem menningararmiðstöðvar og hefur þar farið fram blómleg starfsemi síðustu ár. Má þá nefna að þar er til húsa Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar auk þess sem Litli leikklúbburinn hefur þar aðsetur. Að auki hefur þar farið fram fjöldi menningarviðburða enda er Edinborgarhúsið eitt þriggja menningarhúsa á Vestfjörðum samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar.

Veitingahúsið verður opnað á sjómánadag og af því tilefni sló Bæjarins besta á þráðinn hjá Helgu Völu til að forvitnast um það hvað væri í vændum á hinum nýja stað.

„Þetta verður ekki búlla, við ætlum að hafa þetta fallett hús sem gott er að koma inn í þar sem boðið verður upp á skemmtilega léttu rétti, uppákomur og veislur. Það verður

einnig möguleiki á að panta sal undir veislur með veitingum frá okkur. Við erum opin fyrir öllu.

Þetta verður kaffihús og veitingahús í bland. Það verður opið frá í kringum 11 á morgnana og fram yfir miðnætti. Við ætlum að gera út á gott kaffi, ekki Bragakaffi, og spennandi exótíska rétti. Við erum að stíla inn á að þetta verði svolítið fullorðins, sem sagt fyrir fullorðið fólk sem vill dekra við sig. Staður þar sem maður getur horfst í augu við elskuna sína, notið þess að vera á trúno með vinkonum sínum og líka haldið upp á afmælið sitt. Þetta verður ekki endilega kaffihús í venjulegum skilningi. Ég veit ekki alveg hvað væri rétta orðið yfir það, en þetta verður svona staður þar sem maður getur satt hugann sem og magann.“

## Vel heppnað menningarhús

– Þrátt fyrir að vera með elstu húsunum á Ísafirði verður að finna ýmis þægindi nútímans í Edinborgarhúsinu.

„Það verður heitur reitur á staðnum og því geta gestir komið með fartölvurnar sínar og vafráð um á netinu á meðan það fær sér gott kaffi. Einnig verður þarna að finna nýjustu blöðin.“

– Nú eru þið staðsett í húsi með mikla sögu sem telst af mörgum vera eitt fallegasta húsi Ísafjarðar.

„Já þetta er eitt fallegasta húsið í bænum, það er alveg rétt. Og það verður enn fallett með hverjum deginum nú þegar úrbótunum er að ljúka. Ég hef heimsótt mörg hús af svipuðu tagi úti í heimi og Edinborgarhúsið minnir mig á afar vel heppnaða endurbýggingu sem er á Norðurbryggju, gríðarstórt pakkhús sem nú er kúltúrhús í Kaupmannahöfn. Dásamlega fagurt hús sem svipar til Edinborgarhússins, það hefur sömu bjálkana og hér er að finna. Mér finnst vel staðið að endurbýggingunni í Edinborginni og allt er vel ígrundað. Til að mynda hefur verið hugað að hljóðeinangruninni og mörgu öðru sem þarf að hugsa um þegar verið er að byggja hús sem á að rúma leiksýningar og veitingahús undir einu þaki.“

## Bjartsýn á sumarið

Nú er stórt ferðamannasumar framundan, eru þið að stíla inn á það með opnun hússins?

„Já við gerum það. Við erum mjög bjartsýn á sumarið. En við stólum líka á Vestfirðingana sem vilja standa upp frá hverdeginum og læðast út. Auðvitað verða ferðamenn-



Unnið að lokafrágangi í Edinborgarhúsinu.

irnir hérna líka.

Það eru margir finir staðir á Ísafirði, en þetta verður þínu lítið öðruvísi staður og skemmtileg viðbót við flórana hérna.

Við erum opin fyrir þeim möguleika að hafa lifandi tónlistarflutning á staðnum þegar ekki er eitthvað um að vera í sölnum. Einnig væri gaman að vera með myndlistarsýningar og bara alls konar viðburði. Við erum því að leita að dúndrandi talentum í söng og leik til að koma og stíga á stókk hjá okkur“, segir Helga Vala og er blaðamaður kveður hana snýr hún sér aftur að því að undirbúa nýja veitingahúsið.



Helga Vala Helgadóttir fyrir fram Edinborgarhúsið.



VÍFILFELL

## Vífilfell auglýsir eftir svæðisstjóra á Vestfjörðum

Vífilfell hf., er framsækið fyrirtæki á drykkjarvörumarkaði. Vífilfell hefur sterka stöðu á mörkuðum fyrir gosdrykki-, vatn, bjór- og safa, auk þess sem það hefur haslað sér völl á vínmarkaði.

Vífilfell er rótgróið og traust fyrirtæki með metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn. Svæðisstjóri á Vestfjörðum er mikilvægur hluti af öflugri liðsheild okkar.

Starf svæðisstjóra á Vestfjörðum felst aðallega í sölu og þjónustu við viðskiptavinum Vífilfells á svæðinu. Við leitum að einstaklingi sem á gott með að vinna sjálfstætt, getur unnið með fólki og hefur mikla þjónustulund. Viðkomandi þarf að hafa metnað, frumkvæði og vilja til að takast á við krefjandi starf.

Nánari upplýsingar um starfið veita Stefán T. Sigurðsson í síma 660 2665 og Þorleifur Einarsson í síma 660 2510.

Umsóknir berist til starfsmannþjónustu Vífilfells, Stuðlahálsi 1, 110 Reykjavík eða rafrænt á stefant@vifilfell.is.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur um skólavist 2007 / 08

4. júní

Landbúnaðarháskóli Íslands  
Hvanneyri - 311 Borgarnes  
s. 433 500

www.lbhi.is



**30%**  
afsláttur

**1.298** kr/kg  
Verð áður 1.866 kr/kg

Villikryddað lambalæri

# Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 31. maí - 3. júní.

	<p><b>365</b> kr/kg Verð áður 562 kr/kg</p> <p><b>35%</b> afsláttur</p> <p><b>Matfugl</b></p> <p>Kjúklingalæri/ leggir TexMex</p>		<p><b>619</b> kr/kg Verð áður 885 kr/kg</p> <p><b>30%</b> afsláttur</p> <p><b>Franskar grillpylsur</b></p>		<p><b>299</b> kr/kg Verð áður 375 kr/kg</p> <p>Hatting Durum og Rustico</p>
	<p><b>109</b> kr/kg Verð áður 157 kr/kg</p> <p>Powerade</p>		<p><b>89</b> kr/kg Verð áður 117 kr/kg</p> <p>Tapini kex m/ hvítlauk, chillie, salti og ólífum. 150 gr</p>		<p><b>99</b> kr Verð áður 111 kr</p> <p>Egils kristall plus 0,5 l,</p>
	<p><b>159</b> kr Verð áður 256 kr</p> <p>Freyju hríspoki 120 gr</p>		<p><b>249</b> kr Verð áður 317 kr</p> <p>Súkkulaði og hnetu M&amp;M 250 gr</p>		<p><b>149</b> kr/kg Verð áður 281 kr/kg</p> <p>Appelsínur í neti</p> <p><b>159</b> kr/kg Verð áður 399 kr/kg</p> <p>Iceberg</p>

**Samkaup** **úrval**



*Landflutningar*  
SAMSKIP

# 10 ÁRA Á ÍSAFIRÐI

**Laugardaginn 2.júní kl. 14.00 - 16.00  
verður afmælis og fjölskylduhátíð  
Landflutninga á Ísafirði.**

Bílar Landflutninga verða til sýnis á svæðinu og boðið  
verður upp á grillaðar pylsur og nammi.

KFÍ sér um þrautabraut fyrir krakkana en hefðbundinni  
siglingu Sjómannadagsráðs á þessum degi verður lokið kl.  
14.00.

Hoppukastalar, blöðrur, tónlistaratriði og fleira.

Ísfirðingar, sjáumst á Sjúkrahússtúinu!

Starfsfólk Landflutninga á Ísafirði.





„Við höfum enga möguleika á álveri eða öðrum orkufrekum iðnaði. Það sem ég lít fyrst og fremst til núna er stofnun háskóla. Það er númer eitt, tvö og þrjú og býður upp á ótæmandi möguleika sé rétt að því staðið.“

sölu á Vatnsveitunni, en það verður næsta skrefið eftir Orkubúinu, að það var Hannes sem stóð fyrir stofnun vatnsveitu á Ísafirði. Á þessum árum grasseraði hér taugaveiki sem orsakaðist meðal annars af lélegu drykkjarvatni. Hannes missti sjálfur börn úr taugaveiki og hann sór að það skyldu ekki deyja fleiri börn úr taugaveiki á Ísafirði. Hannes var með góð sambönd í Reykjavík og hann fór suður og kom til baka með peninga fyrir vatnsveitu og þetta var fyrsta vatnsveita landsins. Heimastjórnin markaði þáttaskil í sögu landsins. Þá fyrst fengum við ráðherra og fórum virkilega að framkvæma eitthvað, og því er heimastjórnin afar mikilvæg í sögunni. Svo ætluðu ráðamenn, ekki bara á landsvísu heldur einnig heima í héraði, að fagna afmælinu með snobbhátið fyrir sig og sína. Ég átti ekki orð. Ég fékk þá hugmynd í kollinn að gera eitthvað og það varð úr að Heimastjórnarhátið alþýðunnar var haldinn. Það var með hana eins og allar góðar hugmyndir að einn maður fær kannski hugmynd sem öðrum finnst hljóma vel og þar með er boltinn rúllaður af stað. Það voru fjölmargir sem komu að hátiðinni og mér þótti vænt um að Ólafur Ragnar skyldi koma. Í framhaldi af hátiðinni ákvað ég að veita Jóhannesi í Bónus verðlaun ísfirskrar alþýðu. Hann átti fylligega skilið að fá verðlaun enda hefur Bónus, með lækkaði vöruverði, komið okkur verulega vel.“

### Pólitíkusinn Jón Fanndal

„Undanfarin ár hef ég setið á listum í bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosningum. Ég var einn af þeim sem settu saman Í-listann í fyrra. Þó ég sé félagi í Vinstri grænum þá lít ég alltaf á persónurnar frekar en flokksskirteinið. Ég get stutt Samfylkingarmann, sjálfstæðismann eða framsóknarmann rétt eins og einhvern úr Vinstri grænum. Ef mér list á manninn eða konuna og málflutning þeirra þá skiptir ekki máli hvað flokki þau eru í. Sumir sem eru í pólitík eru svo blindir að þeir geta aldrei viðurkennt neitt gott sem kemur frá öðrum flokkum. Mér var boðið að vera í heiðursæti hjá Vinstri grænum fyrir nýafstaðnar kosningar. Þar sem ég ætla að hætta afskiptum af pólitík þá fannst mér það vera mjög viðeigandi að gera það svona. Fyrir utan að mér finnst þetta vera mikill heiður og því þakkaði ég bara fyrir og tók sætið.“

–Þó þú sért hættur í pólitík

þá ertu ekki hættur að rífa kjaft?

„Nei, nei, biðdu fyrir þér. Ég er alltaf að hóta sjálfum mér að hætta að rífa kjaft. Ég er þannig gerður að ég þarf að taka afstöðu til allra mála, hvort sem það er hér innanlands eða eitthvað út í heimi. Nú hef ég verið að kynna mér olíuhreinsistöðvar og álver. Á Jamaica eru helstu boxít námur heimsins, en úr boxíti er unnið súrál sem er sent meðal annars til Íslands til fullvinnslu á áli. Maður spyr sjálfan sig, hversvegna stendur á því að súrálið er ekki sent til Suðurlands til fullvinnslu. Þar eru miklu öflugri og fleiri fallvötn heldur en hér. Plús að laun eru lægri og því myndi maður ætla að það myndi borga sig að vinna þetta í Suðurlandi. Niðurstaðan er einfaldlega sú að það er engin einasta þjóð sem er tilbúin til að selja rafmagn á þessum verðum sem við erum að seljum það á. Ég er skíthæddur við þetta. Nú er fyrirhugaður samruni hjá Alcoa og Alcan og það gæti farið svo að einn orkurisi eigi einkarétt á nær allri orku þjóðarinnar. Og ekki nóg með að þessi risi eigi réttinn á orkunni heldur fær hann hana á niðurgreiddum verðum. Það er alveg skjalfest að það er niðurgreidd, Landsvirkjun bauð álfyrirtækjum ódýrasta rafmagn í heimi. Norðmenn treysta sér ekki til að framleiða rafmagn á þessum verðum og vísa fyrirtækjum til Íslands. Mér list ekkert á þetta.“

### Vestfjarðaskýrslan

–Hefurðu kynnt þér Vestfjarðaskýrsluna?

„Ég er hræddur um að hún sé upp á sömu bókina lærd og aðrar skýrslur sem hafa verið birtar í gegnum árin. Það kemur ekkert úr þessu. Hvar eru öll störfin sem áttu að koma frá hinu opinbera? Það kemur stundum eitt og eitt og þá hverfa bara einhver önnur. Núna koma þeir með 37 tillögur sem á að skaffa okkur 70–80 störf. Við sjáum hvað setur. Fyrir fimm árum var gefin út mikil byggðáætlun, alls voru í henni yfir 100 tillögur og það hefur ekki eitt einasta atriði komist til framkvæmda. Ég er ekki að hallmæla þessari skýrslu sem slíki, en þessar tillögur áttu að vera komnar til framkvæmda árið 2007 en það hefur bara ekki neitt gerst. Ein af skrautfjöðrunum var þessi Vaxtarsamningur Vestfjarða en það hefur ekkert komið út úr honum. Hann er ekki pappírins virði.“

–En olíuhreinsunarstöð?

„Ég held að það sé verið að

gera grín að okkur. Olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum er því lík fjarstæða, alveg burt séð frá mínum skoðunum á slíkum verksmiðjum almennt. Það er svo rosalega langt í land að það þýðir ekki að vera að hugsa um þetta í bili. Fyrir utan að mengunin frá svona stöð stenst ekki Kyoto-bókunina. Kannski fá menn einhverjar undanþágu frá henni, ég veit ekkert um það. En ef þeim er alvara, þá hljóta þeir að skipa starfshóp og byrja að kanna þetta. Ég er ekkert hræddur við þá útkomu. En það er ekki skemmtileg tilhugsun að fleiri hundruð þúsund tonna skip, lestuð olíu, sigli fram hjá fuglabjörgunum okkar. Þegar við vorum að semja við Norðmenn um daginn um að passa okkur á friðartímum kom fram að eitt aðalverkefni norska hersins væri að fylgjast með svona skipum því mengunarhættan er gríðarleg. Norðmenn sögðu að við sitjum á því líkri matarkistu og við verðum að vernda hana. Maður verður að spyrja sig, hangir eitthvað á spýtni? Borgar sig ekki að hreinsa olíuna í Noregi? Svo ekki sé minnst á Rússland. Ég veit að Ameríkanar hafa ekki reist eina einustu olíuhreinsunarstöð síðan 1976 og síðan þá hafa þeir flutt meira en hundruð úr landi. Bandaríkjamenn vilja ekki hafa þessar stöðvar lengur og eru að leita sér að vanþróuðum ríkjum til að setja þær upp í. Ég er með mynd af einni slíkri inni á flugvelli og þetta eru ægilegar verksmiðjur. Sem græningi get ég ekki samþykkt þetta. Það er sagt um okkur Vinstri græna að við viljum aldrei virkja neitt. En það er ekki rétt. Það skiptir máli hvernig að því er staðið en ég er hlynntur því að virkja í Hestfirði eða Skútufirði. Leiða vatn af Glámuhálandinu og virkja það í fjarðabotnum. Það rafmagn yrði aldrei notað í álver, það verður aldrei inni í myndinni þar sem það nægir einfaldlega ekki. Það er hægt að sjá fyrir sér einhvern hátekniðnað sem krefst hæfilegrar orku. Það er algjör fornaldarhugsun að horfa alltaf til einhverra eiturspúandi skítaverksmiðja. Þetta eru gamlir draugar fortíðarinnar sem eru að ásækja okkur með öllu þessu tali um álbræðslur og olíuhreinsistöðvar.“

–Sérðu þá eitthvað annað sem getur rennt stöðum undir atvinnulífnið?

„Fyrir utan að fá háskóla þá tel ég mikilvægast að reyna að lokka til okkar hátekniðnað. Þeir kalla nú olíuhreinsunarstöð hátekniðnað en ég get ekki skrifað upp á það. Lokun Marels var náttúrulega



mikið reiðarslag. Ég, eins og fleiri, hef mikinn áhuga á ferðapjónustu. Ég hitti mikið af ferðafólki á vellinum sem dásamar Vestfirðina og ég er viss um að það er hægt að lengja ferðamannatímann. Það byrjuðu að koma hingað hópar í skútuferðir í byrjun apríl, svo er mikið að gerast í sjóstangaveiðinni á Suðureyri. Það hefur þurft að bæta við vélum að sunnan með veiðimennina.“

### Hættur á vellinum

„Nú er ég að hætta á vellinum í júní og flyt suður. Við hjónin erum komin langt á áttæðisaldurinn og tími til kominn að hætta að vinna. Ástæðan fyrir því að við ætlum að flytja suður er að öll okkar börn og barnabörn, samtals tuttugu talsins, eru búsett fyrir sunnan og við viljum vera í meiri návistum við þau. Við munum fara héðan með

miklum söknuði og héðan eigum við ekkert nema góðar minningar. Þó ég hafi verið að rífa kjaft, þá hefur það eingöngu verið af því að ég vill hag Vestfjarða sem mestan. Ég hef aldrei getað þolað að horfa á þegar það er verið að fara illa með okkur.“

–Verður þú farinn að djöflast í Vilhjálm borgarstjóra í haust?

„Ég segi bara, það verður tíminn að leiða í ljós.“

## Ásel fær stór verkefni á Patreksfirði

Tilboði verktakafyrirtækisins Ásels á Ísafirði í frágang lóðar við Patrekskóla og íþróttamiðstöðina Bröttuhlíð var tekið á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar fyrir stuttu. Ásel átti tvö lögstu tilboðin í verkið, það lægra var frávikstilboð. Alls bárust fimm tilboð í framkvæmdirnar, öll yfir kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 59.491.000 kr., nema frávikstilboð Ásels. Tilboði Ásels sem var tekið hljóðaði upp á 62.954.731 kr. Önnur tilboð sem bárust voru frá Lási ehf., Bildudal, Öllu í járnnum ehf., Tálknafirði og Íslandsgörðum ehf., Kópavogi.

## Stjörnubílar seldir

Rútufrýrtækið Stjörnubílar á Ísafirði hefur verið selt Keran Stueland Ólason sem rekur ferðaþjónustuna Breiðvík í Vestur-Barðastrandarsýslu. Reksturinn verður með óbreyttu sniði og verður öll starfsemi sem og bílaflotinn áfram á svæðinu. Auk þess mun fyrirtækið standa við þær skuldbindingar sem Stjörnubílar höfðu lofað sér í fyrir kaupin. Trausti Ágústsson, fyrrum eigandi, mun starfa áfram hjá fyrirtækinu.

# Tónlistarfélagið fær 17 milljónir til framkvæmda við Austurveg

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að greiða Tónlistarfélagi Ísafjarðar 17 milljónir króna vegna framkvæmda við fyrirhugaðar endurbætur á húsnæði Tónlistarskólans á Ísafirði, að Austurvegi 11. Ísafjarðarbæ var úthlutað fjárhæðinni frá menntamálaráðuneytinu, samkvæmt samningi sem þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar skrifuðu undir um endurbýggingu menningarhúsa á landsbyggðinni, í apríl 2003.

Samkvæmt samningi Tónlistarfélagsins við Ísafjarðarbæ átti að greiða tónlistarfélaginu ákveðna fjárhæð eftir því sem framkvæmdum miðaði. Nú hefur félagið látið gera útbóðslýsingu á fyrirhuguðum breytingum á ytra útliti hússins. „Það hefur verið afar vel að breytingunum staðið, en þær hafa dregist lítillega,“ segir Jón Páll Hreinsson, formaður Tónlistarfélagsins. Framkvæmdir við Austurveg voru fyrirhugaðar sumarið 2007, en stjórn Tónlistarfélagsins leggur áherslu á að vandað verði til verksins og meiri tími notaður til undirbúnings. Stefnt er að því að bjóða verkið út í kringum áramót.



Framkvæmdir við hús TÍ verða boðnar út í kringum næstu áramót.

# Ákvörðun um olíuhreinsistöð tekin í haust

Kynningarfundur um olíuhreinsistöð á Vestfirðum var haldinn á Ísafirði í síðustu viku. Á fundinum var verkefnið kynnt fyrir sveitarstjórn-

armönnum auk þess sem haldin voru erindi um öryggi siglingarleiðarinnar og hagræn og samfélagsleg áhrif stórframkvæmda. Íslenskur hátækni-

iðnaður, fyrirtæki sem nokkrir Íslendingar eiga hlut að auk annarra, setti fyrr á þessu ári fram hugmyndir um að reisa olíuhreinsistöð á Vestfirðum. Fyrirtækið hefur augastað á svæðum í Arnarfirði annars vegar og Dýrafirði hins vegar. Samþykki sveitarfélögin verkefnið, með öllum þeim skilyrðum sem því kunna að fylgja, mætti búast við að fjögur til fimm ár liðu þar til starfsemin kæmist í gagnið. Ólafur Egilsson, einn forsvarsmanna verkefnisins, segir að fundurinn hafi verið gagnlegur og ákveðið hafi verið að halda áfram vinnu við verkefnið og mun Fjórðungssamband Vest-

fjarða stýra því.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að margt hafi komið fram á fundinum sem hann hafi ekki vitað um olíuhreinsistöðvar en segir að hann sjálfur hafi ekki tekið afstöðu í málinu og telur hann heppilegast að Vestfirðingar kjósi um málið þegar að því kemur. „Það er ekki gott að taka ákvarðanir í atvinnumálum undir pressu eins og staðan er núna. Næsta skref er að skoða olíuhreinsistöðvar og það verður gert í júní og svo þurfum við að ákveða hvort við viljum þetta fyrir haustið.“

Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir

fundinn hafa verið mjög fróðlegan og býst við að sveitarstjórnarmenn hugsi verulega um þessi mál í kjölfar fundarins. „Það verður að skoða út í hörgul. Ef þær forsendur sem þeir gefa okkur, og þá forsendur í mengunar- og umhverfismálum, eru réttar þá er það mín persónulega skoðun að þetta ætti að geta gengið.“ Bæjarstjórn Vesturbyggðar sendi frá sér yfirlýsingu fyrir stuttu um olíuhreinsistöð á Vestfirðum. „Þá vorum við fagna þessari hugmynd og hvetja menn til að kasta henni ekki út af borðinu eins og þetta væri eitthvað ljótt. Hvað er að gerast á Flateyri? Hvað geróist

á Bildudal? Við verðum að hafa fleiri möguleika til að lifa. Það sýnir sig að sjávarútvegurinn er fallvaltur og ekki auðvelt að treysta á hann.“

Fundurinn var að mestu lokaður fjölmiðlamönnum og var gefin sú ástæða að hann væri fyrst og fremst fyrir sveitarstjórnarmenn og embættismenn á Vestfirðum og halda ætti opna kynningarfundir síðar. Það vakti athygli blaðamanns að margir aðrir en þeir sem koma munu að ákvörðun málsins sátu fundinn vekur það því undrun að hann hafi ekki verið opinn fjölmiðlamönnum.

– smari@bb.is

**Ísfirðingar – Vestfirðingar!**  
**Flughræðslunámskeið**  
**3. júní kl. 13-17 og 4. júní kl. 9-13.**  
**Nánar á [www.tilfinningatamning.is](http://www.tilfinningatamning.is)**

**Rúnar Guðbjartsson sálfr. og fyrrverandi flugstjóri**  
 Skráning og uppl. í síma 849 6480 – [runargu@simnet.is](mailto:runargu@simnet.is)

## STAKKUR SKRIFAR

# Frá Þingvöllum

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Nú er ljóst að sögulegar sættir hafa orðið á Þingvöllum. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking náðu saman um fjárlýndu umbótasinnnaða ríkisstjórn, sem líkleg er til góðra verka á því kjörtímabili sem er nýhafið. Velferð er lykilorðið og þá vonandi fyrir alla. Velferð er undirstaða sanngjarns samfélags. En margt er að gæta. Efnahagur er lykiliatriði og grundvöllur velferðar. Það hefur leiðtogum ríkisstjórnarinnar tekist að ná saman um. Fróðlegt verður að sjá hvernig vinnst úr málum. Byrjunin lofar góðu. Um aldir kom boðskapur til þjóðarinnar frá Þingvöllum.

Sá boðskapur reyndist misjafnlega, en nú binda margir vonir við ríkisstjórn sem hefur að baki stóran og öflugan þingmeirihluta og að sama skapi afar stóran hóp kjósenda. Ljóst er að ekki eru allir sammála um núverandi ríkisstjórn. En sé grannt skoðað verður að líta svo á að hagsmunir heildarinnar hafi orðið leiðarljós hennar. Fróðlegt verður að sjá hvernig gengur að vinna úr stefnu varðandi náttúruvernd. Þar hafa orðið pólitísk skil, ekki sist eflitið er til baka síðustu kjörtímabil. Sáttatónn er áberandi varðandi stóriðju og náttúruvernd. Vonandi tekst til eins til er stofnað.

Það hefur verið sett fram áður að kjósendur beggja flokka ríkisstjórnarinnar séu af sömu rót runnir, með nokkrum undantekningum þó. Vinstri grænir skerptu línur þegar sá flokkur kom fram á sjónarsviðið. Löng seta VG utan

ríkisstjórnar hefur ekki orðið til að mýkja ásýndina nægilega til að ná hylli fjöldans. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og VG hefði orðið dæmi um raunverulegar sögulegar sættir. En með hörku í málflutningi og stefnu sem er ósveigjanleg var leiðin ógreið í ríkisstjórn. Höfsemi er nauðsyn í landi samsteypustjórnna. Tónninn úr herbúðum Vinstri grænna er enn harðari nú eftir að ljóst varð að þeim nýttist ekki fylgisaukningin. Kannski er það skaði. Óneitanlega hefði orðið forvitnilegt að sjá hvernig reynslan af ríkisstjórnarsetu þeirra hefði þróast.

Kannski var þjóðinni best að láta ekki á það reyna. Framsóknarflokkur galt afhroð í kosningunum og spilaði klaufalega úr þeirri stöðu að vera í ríkisstjórn sem hélt velli. Sennilega er Jón Sigurðsson fyrrverandi formaður hinn mætasti maður, en tókst ekki að skjótast inn á pólitíska sviðið og ná árangri á þeim stutta tíma sem til þess gafst. Nú fær Guðni Ágústsson tækifærið sem hann átti að grípa við brottför Halldórs Ásgrímssonar. Að grípa það ekki strax kann að hafa bundið endi á pólitískan feril hans.

Fjárlýndir eiga eyðimerkur göngu fyrir höndum. Formanni þeirra er all nokkur vorkunn að búa við slíkt hlutskipti. Við Vestfirðingar biðum eftir að Þingvallaboðskapur varðandi atvinnumál Vestfjarða komi fram. Þau eru á slíku stigi að brýnt er að ríkisstjórn velferðar líti til okkar með velþöknum.

## Hefur búið í sama húsinu í tæpa öld

Herdís Albertsdóttir á Ísafirði setur líklega heimsmet á hverjum degi, en Herdís hefur búið í sama húsinu, að Sundstræti 33, alla ævi. Herdís verður 99 ára í haust, en hún fæddist í húsinu í nóvember 1908 og hefur búið þar alla tíð síðan. Herdís hefur alla tíð verið heilsuhraust, og aðeins einu sinni þurft að leggjast inn á sjúkrahús, en það var nú í vetur. Þegar hún var útskrifuð af sjúkrahúsinu, 98 ára að aldri, var haft á orði að hún væri líklega elsti sjúklingurinn sem hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsinu á Ísafirði og þó víðar væri leitað. Því má allt eins gera ráð fyrir að Herdís eigi tvö heimsmet.

# Olíuhreinsistöðin: Mikil undirbúningsvinna framundan

Mikil undirbúningsvinna er framundan áður en hægt er að taka afstöðu til olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum, segir Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða. Sambandinu hefur verið falið stýra undirbúningsvinnunni sem farið verður í á næstu mánuðum. Kynningarfundur um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum var haldinn í Þróunarsetrinu á Ísafirði í síðustu viku. Aðalsteinn segir að nefnd verði skipuð af sveitarfélögunum, Fjárfestingarstofu og hugsanlega iðnaðarráðuneytinu og mun nefndin gera staðarvalsaðugun og

samfélagsgreiningu og segir hann að þessi verk geti unnist nokkuð hratt. „Í samfélagsgreiningu er verið að athuga hvort samfélagið geti tekið við verkefni af þessari stærðargráðu. Bæði fjölda starfa, samsetningu þeirra og tekur greiningin einnig til samgöngumála. Það er verið að kanna innviði samfélagsins og hvort það geti tekið við þessu.“ Aðalsteinn segir að forsvarmenn Íslensks hátækni- iðnaðar hafi tekið fram að þeir eru fyrst og fremst að horfa til staðsetningar í Arnarfirði og Dýrafirði. „Í byrjun stóð valið á milli Austfjarða og Vest-

fjarða en það er mat þeirra að ekki sé ráðlegt að fara með svona verksmiðju austur vegna uppbyggingu álversins þar.“ Bent hefur verið á að hugsanlega sprengi svona verksmiðja alla mengunarkvóta og standist ekki Kyoto-bókunina. Aðspurður segir Aðalsteinn að það sé eitt af þeim atriðum sem þurfi að skoða. Miðað við stöð eins og kynnt hafi verið á fundinum muni hún sleppa út 300 þúsund tonnum af mengunarefnum á ári. Inn í stöðina komi 8 milljónir tonna af hráefni og út fari 7,7 milljónir tonna. „Þeir þrýsta á okkur að gefa svar á næstu mán-

uðum um hvort við viljum svona verksmiðju. Þeir vilja nota sumarið og haustið til að fara í umhverfismat. Kostnaður við umhverfismat er á bilinu 70 til 150 milljóna króna og fjárfestar eru ekki til í að borga það nema þeir hafi jákvæða afstöðu til málsins.“ Aðalsteinn segir að þetta sé tíu ára gamalt verkefni. Þá hafi átt að reisa olíuhreinsunarstöð á Reyðarfirði. Við það var hætt þar sem áherslan var lögð á að selja orku, en olíuhreinsistöðvar eru ekki mjög orkufrekar. Verkefnið var þá fært til Skagafjarðar.

– smari@bb.is

# 48 milljónir boðnar í Núpi

Hæsta tilboðið sem barst í fasteignir gamla héraðsskólans að Núpi er rúmum 20 milljónum undir fasteignamat, sem var rúmar 72 milljónir króna. Á annan tug tilboða bárust í eignina, en það hæsta var frá Karli Jónatanssyni, og hljóðaði upp á 48.100.000 kr. Það voru Ríkiskaup sem sáu um að bjóða fasteignina út og taka við tilboðum, en þar fengust þær upplýsingar að ekkert hafi legið fyrir frá viðkomandi ráðuneytum um lágmarkstilboð í húsnæði. Það er þó ljóst að hæsta tilboðið er heldur lágt, en eins og áður sagði er fasteignamat rúmar 72 milljónir króna, og brunabótamatið er tæpar 566 milljónir króna.

Tilboðum hefur verið komið til videigandi ráðuneyta, menntamála- og fjármálaráðuneyti, þar sem tekin verður ákvörðun um framtíð Núps. Liti ráðuneytin svo á að ekkert tilboðanna sem bárust sé viðunandi ber þeim ekki skylda til að taka neinu þeirra.

Fasteignir ríkisins á Núpi telja heimavistarskólans húsnæði, kennslustofur, mótuneyti, sjö íbúðir, sundlaug, íþróttahús og geymslur. Heildar flatarmál eignanna er 4.404,5 fermetrar. Stærð lóðar er um 6 ha og er eignarland. Innbú, bæði í mótuneyti og heimavist, fylgir með, en munir sem tengjast sögu skólans eru undanskildir.

– tinna@bb.is



Héraðsskólinn á Núpi.

# Skoða Ísafjörð fyrir þjónustu skipa við A-Grænlandsveiðar

Veiðar við austurströnd Grænlands eru á uppleið og samkvæmt samtölum sem Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, átti við útgerðarfyrirtæki í Færeyjum, er Ísafjörður inni í myndinni þegar kemur að þjónustu við skip sem væntanlega munu stunda veiðar á sundinu í náinni framtíð. Þetta kom fram á íssiglingarráð-

stefnu sem hafnarstjórinn sótti í lok mars á Akureyri. Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar fjallaði um málið fyrir stuttu og kom þar fram að vandamálið er að á Ísafirði er engin þjónusta með svartolíu sem mörg umrædd skipa nota. Þar mun ekki verða breyting á fyrr en ný olíubirgðarstöð á Mávagarði kemst í gagnið. Varðandi íssiglingar, var það

niðurstaða ráðstefnunnar að þessar siglingar hefjist ekki að neinu marki fyrr en í fyrsta lagi fyrr en eftir 15-20 ár. „Þegar og ef þær hefjast af alvöru, þá er líklegt að þjónusta og umskipunarhafnir verði annarsvegar vestanhafs og hinsvegar í nálægð við helstu dreifingarleiðir um Evrópu. Samt er mikilvægt að fylgjast með þeirri umræðu

sem fara mun fram um þessi mál í framtíðinni“, segir í fundarbókun atvinnumálanefndar. Þess má geta að í febrúar samþykkti bæjarstjórn að ýta sem fyrst úr vör starfi atvinnumálanefndar og hafnarstjórnar til að styrkja og efla Ísafjarðarhöfn sem þjónustumiðstöð fyrir Austur Grænland.

– thelma@bb.is

## Fagnar tillögum Vestfjarðanefndar

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar fagnar útgáfu skýrslu Vestfjarðanefndar þar sem tillögur eru settar fram um möguleg verkefni til að fjölga opinberum störfum á Vestfjörðum. Í nefndinni sátu fulltrúar iðnaðarráðuneytis, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Ísafjarðarbæjar og forsætisráðuneytis. Atvinnumálanefnd fagnar framkomnum tillögum og að nefndin mun hafa vakandi auga með framgangi tillagnanna.

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
**löggiltur fasteignasali**  
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244  
**Guðmundur Óli Tryggvason**  
**löggiltur fasteignasali**  
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is  
 Heimasíða: www.fsv.is

 Hafraholt 28, Ísafirði 144 m <sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt 22 m <sup>2</sup> bílskúr. Mikil endurnýjað. <b>19.500.000,-</b>	 Hlíóarstræti 17, Bolungarvík 138,5 m <sup>2</sup> einbýlishús með fallegum garði. <b>13.800.000,-</b>
 Hafraholt 52, Ísafirði 151 m <sup>2</sup> einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum ásamt sér 32 m <sup>2</sup> steiptum bílskúr. <b>22.500.000,-</b>	 Drafnargata 11, Flateyri Steinsteipt 154 m <sup>2</sup> raðhús ásamt 39,5 m <sup>2</sup> stórum bílskúr. Fjögur svefnherbergi. <b>8.000.000,-</b>
 Stórholt 9, Ísafirði 164 m <sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölbýlishúss. Baðherbergi endurnýjað. <b>16.200.000,-</b>	 Miötún 37, Ísafirði 189 m <sup>2</sup> steinsteipt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús. <b>19.800.000,-</b>
 Mjallargata 1, Ísafirði 75,6 m <sup>2</sup> Þriggja herbergja íbúð í fjölbýli, sérinngangur, geymsla í íbúð. <b>9.500.000,-</b>	 Sílfurgata 11, Ísafirði 125 m <sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi. <b>10.000.000,-</b>
 Aðalstræti 22 b, Ísafirði Samtals 355 m <sup>2</sup> timburhús á besta stað í bænum. Hægt er að kaupa hverja hæð fyrir sig eða allt húsið. <b>Tilboð óskast</b>	 Sumarbústaður í Tungu Sumarbústaður í fyrrum Nauteyrahreppi, 54 m <sup>2</sup> að stærð ásamt 25 m <sup>2</sup> svefnlofti. Sér borhola með heitu vatni <b>11.500.000</b>

## Bílstjórar óskast

Óskum eftir góðum og þjónustuliprum bifreiðastjórum með rútuþróf. Bæði er um að ræða fasta vinnu og sumarafleysingar.

Upplýsingar í síma 894 2010 eða á netfanginu einar@gtyrfingsson.is

**Hóperðabílar**  
**Guðmundar Tyrffingssonar**



## Okkur vantar lögreglumenn í lögregluna á Vestfjörðum

Komdu og kynntu þér hvað er í boði, því

þetta er gefandi og skemmtilegt starf,

þetta er fjölbreytt starf,

þetta er mjög líflegt starf,

þetta er krefjandi starf,

hér er góður starfsandi.

### Kröfur til þín:

Íslenskur ríkisborgari á aldrinum 20-40 ára,

hafa gott þrek,

kunna að synda,

hafa ökuþróf,

þolinmæði.

### Upplýsingar gefa

Önundur Jónsson í síma 450 3737 og Jón Svanberg Hjartarson í síma 450 3747.

# Fjörutíu stúdentar útskrifaðir

Menntaskólanum á Ísafirði var slitið í 37. sinn á laugardag. Fjörutíu nemendur voru útskrifaðir; 28 stúdentar, tveir sjúkraliðar, einn úr rennismíði, tveir af 2. stigi vélstjórnar og sjö úr grunnnámi málmíðngreina. Hæstu einkunn hlaut Edith Guðmundsdóttir Hansen stúdent af náttúrufræðibraut eða 9,41. Hlaut hún verðlaun sem Aldaraf-

mælissjóður Ísafjarðarbæjar gefur þeim nemanda sem hlýtur hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi. Einnig hlaut Edith verðlaun kanadíska sendiráðsins fyrir framúrskarandi árangur í frönsku og ensku, peningaverðlaun, sem Ragnheiður Hákonardóttir, Guðbjartur Ásgeirsson og fjölskylda gefa til minningar um Guðbjart Guðbjartsson, fyrir framúr-

skarandi árangur í raungreinum og verðlaun Stærðfræðifélagsins fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði.

Útskriftin fór fram í Ísafjarðarkirkju og fluttu nemendur skólans tónlistaratriði. Anna Birta Tryggvadóttir, Kristinn Gauti Einarsson, Halldór Smáason og Brynjólfur Óli Árnason fluttu portúgalskt sambalag. Helga Margrét Marzeliusardóttir flutti eigið lag og texta. Dagný Hermannsdóttir söng við undirleik Beata Jóó. Hulda Bragadóttir lék undir fjöldasöng.

„Ég mun hverfa aftur til fyrri starfa við Kvinnaskólann í Reykjavík í haust. Ég óska Jóni Reyni Sigurvinsyni eftirmanni mínum velfarnaðar í embætti skólameistara MÍ. Skólanum, starfsmönnum hans og nemendum óska ég alls hins besta um langa framtíð“, sagði Ingibjörg Guðmundsdóttir fráfarandi skólameistari.

„Mér er ljóst að skólinn er samfélaginu hér mjög dýrmætur. Hann þarf að efla enn frekar, í menntuðu fólki felast tækifæri framtíðarinnar, hinn eftirsótti hagvöxtur. Skóli eins og MÍ sem einn þjónar stóru svæði verður að geta boðið

fjölbreytt nám sem höfðar til áhuga og hæfileika sem flestara, bæði unglunga og þeirra sem vilja endurmennta sig og leita nýrra tækifæra. Mitt mat er að skólinn sé á góðri siglingu inn í framtíðina hvað þetta varðar.

Eitt af því sem ég hef lært í vetur er að bóknám og verk-nám á góða samleið í skóla. Í MÍ get ég ekki fundið annað en öllu námi sé gert jafn hátt undir höfði og nemendur flæði eðlilega á milli námsbrauta. Þetta er gott fyrir þá nemendur sem hafa fundið sínar sterku hliðar og áhugasvið. Þeir ættu að geta fundið í skólanum nám við hæfi.

Til að auka enn á fjölbreytni námsins í skólanum hefur verið gengið til samstarfs við 3X

Tecnology um nám í stálsmiði til sveinsprófs. Formlegur samningur milli skólans og fyrirtækisins er í burðarliðnum. Þetta er metnaðarfullt verkefni og sýnir enn og aftur í verki þann óvenjulega mikla stuðning og velvilja sem skólinn nýtur frá atvinnulífinu hér. Ég er viss um að þetta nám verður í háum gæðaflokki þar sem fyrirtækið býr mjög vel að tækjum og búnaði í stálsmiði. Einnig verður næsta vetur boðið upp á tveggja ára grunnnám snyrtigreina sem er ný námsbraut við skólann. Viðskipta- og hagfræðibrautin hefur verið endurvakin. Einnig verður aftur farið af stað með kennslu í rafvirkjun ef aðsókn leyfir,“ segir í ræðu skólameistara. —thelma@bb.is



40 nemendur voru útskrifaðir frá MÍ á laugardag.



Hæstu einkunn hlaut Edith Guðmundsdóttir Hansen stúdent af náttúrufræðibraut eða 9,41.

## RÁÐGJAFI Í ÚTIBÚ GLITNIS Á ÍSAFIRÐI

Leitað er að kraftmiklum starfsmanni í lið ráðgjafa útíbúsins. Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem hefur frumkvæði í sölu, metnað og vilja til að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu.

### Helstu verkefni:

- Fjármálaráðgjöf til einstaklinga
- Sala á þjónustubáttum bankans
- Að veita framúrskarandi þjónustu

### Hæfniskröfur:

- Frumkvæði og söluhæfileikar
- Geta unnið undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Samstarfshæfni
- Háskólamenntun æskileg

Nánari upplýsingar veitir Magnús Sigurjónsson, útíbússtjóri, sími 440 3143, netfang h.magnus@glitnir.is, og Gerður Eðvarsdóttir, viðskiptastjóri, sími 440 3151, netfang gerdur.edvarsdottir@glitnir.is.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang sigrun.olafs@glitnir.is. Umsóknarfrestur er til 12. júní nk.

**GLITNIR**



## Bolungarvíkurkaupstaður

### Útboð

Tæknideild Bolungarvíkur óskar eftir tilboðum í verkið „Gluggaskipti á suðurhlið“. Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 10. ágúst 2007. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Bolungarvíkurkaupstað, Aðalstræti 10-12, 415 Bolungarvík.

Tilboð verða opnuð **þriðjudaginn 12. júní nk. kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Tæknideild Bolungarvíkur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

*Bónus bjóður betur!*

Frosið danskt nautahakk

**398** KR.

500g

Frosið danskt nautahakk, 18-20% feitt  
500g pakning 398,00

2 lítrar

**69** KR.

PEPSI LIGHT

FROSINN LAMBABÓGUR  
kílóverð nú:

**595** KR.

Merkt verð 699KR.

  

Cocoa Puffs

**198** KR.

390g

**Gott í matinn!**

  

**BÓNUS VÍNARPYLSUR**

10 Bónus vínarpylsur  
í pakka - verð um:

**250** KR.

Tómatsósa er ekki bara tómatsósa:  
Hér höfum við bindiefnalaust  
eplamauk, minni sykur og ekkert  
aukavatn. Bragðaðu á henni og  
þú finnur muninn!

Vals tómatsósan

**179** KR.

430g

Sú eina sanna!

**Stóri Túli**  
BRAUÐ • ÖSTUR • SÓSA

**249** KR.

140g ungnaut

  

5 pylsubrauð

**69** KR.

[www.bonus.is](http://www.bonus.is)

ROSTUÐUR  
Crisp fried onion

**STEIKTUR LAUKUR**

**69** KR.

200g

EKKERT BRUÐ!

*Sjáðu verðið!*

Rafmagns hlaupahjól

**5998** KR.

RAFMAGNS  
HLAUPAHJÓL

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

## Blogg Ólínu Þorvarðardóttur

<http://olinathorv.blog.is/blog/olinathorv/>

Það rættist úr helginni - svei mér ef það er ekki bara að koma vor. Hvítasunnudagurinn í gær skein á himni "skír og fagur" eins og segir í sálminum góða. Ég mætti í fermingarmessu á Suðureyri og söng þar eins og herforingi með kirkjukórnum. Það gekk bætilega. Séra Karl V. Matthíasson hljóp í skarðið fyrir sóknarprestinn (sem var sjálfur að ferma sitt eigið barn í annarri sókn) og kom nú í sitt gamla prestakall - þangað sem hann vígðist sjálfur til prests fyrir 20 árum. Vel messaðist séra Karli og fallega fermdi hann börnin fjögur. Það er ekki öllum prestum gefið að messa þannig að stundin lifi í sál og sinni eftir að henni er lokið.

### Smáauglýsingar

Til sölu er ársögumul Siemens uppþvottavél. Verð kr. 30 þús. Uppl. í síma 820 8284.

Til sölu er magnari í bíl og Neon ljós. Fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 846 4330.

Ungt par vantar margt í búð, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 846 4330.

Óskum eftir 3ja herb. íbúð á Ísafirði til leigu frá 1. júlí. Á sama stað óskast þvottavél og ísskápur. Upplýsingar í sínum 699 7524 og 456 1270.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1997, skemmdur eftir veltu. Uppl. á ssgunn@simnet.is.

Til sölu eru 25 heyrúllur. Uppl. í síma 868 1182.

Til sölu er ónotað reiðhjól, tveir flotgallar, átta ný sildarnet, hálf sjálfvirk haglabýssa ásamt skotfærum, einn Mauser riffill og einn Brno riffill. Uppl. í síma 456 3663 eða 864 2212.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Reglusemi áskilnin. Uppl. í síma 456 4046.

Til sölu er 1/3 hlutur í skútunni Lipurtá. Lipurtá er mjög vel búin 26 feta bátur í frábæru standi. Uppl. í síma 844 2431 (Torfi).

Óska eftir húsnæði til leigu í Bolungarvík frá 1. júlí. Lágmark fjögur svefn. herb. Vinsamlegast sendið uppl. með nafni og síma á bergviney@simnet.is.

Til sölu er ónotað reiðhjól, flotgalli, átta sildarnet, haglabýssa, og hálf sjálfvirkur Brno riffill. Uppl. í síma 456 3663.

Par með tvö börn vantar íbúð til leigu á Ísafirði frá 1. júlí. Reglusóm og auðveld í umgengni. Uppl. gefur Thelma í s. 849 8699.

Til sölu er Daihatsu Ferosa árg. 90. Verð kr. 50 þús. Uppl. í síma 456 3663 eftir kl. 19.

Byð upp á gistingu í Reykjavík í júní og júlí. Uppl. í síma 844 1270.

Sumargisting í Reykjavík. Fín íbúð fyrir fjölskyldufólk. Fullbúin húsgöngum, 4-5 rúm með sængurvergi og handklæði á staðnum. ADSL tenging. Verið velkomin. Uppl. í sínum 698 9874 og 898 6033.

**Gerist áskrifendur í síma 456 4560**

### Kirkjustarf

**Flateyrarkirkja:** Guðsþjónusta á sjómanna daginn, 3. júní kl. 13:00. Magnús Ingi Björgvinsson, sjómaður predikar. Minningarstund í kirkjugarðinum.

### Spurning vikunnar

**Á ríkisstjórnin að taka upp færeysku leiðina í stjórnun fiskveiða?**  
Alls svöruðu 607.  
Já sögðu 416 eða 69%  
Nei sögðu 144 eða 24%  
Alveg sama sögðu 47 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



## Valdefling kynnt á fræðsludögum Hlutverkaseturs

Fræðsludagar á vegum Hlutverkaseturs verða haldnir á Ísafirði í byrjun júní, þar sem hugtök eins og valdefling og batahvetjandi þjónusta verða kynnt. Kristjana Milla Snorradóttir er ein þeirra sem standa að fræðsludögum. Milla, eins og hún er einatt kölluð, er lærður iðjuþjálfari, en faðir hennar Snorri Bogason býr á Ísafirði. Milla eyddi því ófáum sumrum hér vestra og það var hér sem hún steig sín fyrstu skref innan heilbrigðis- og félagsmálastéttarinnar, en hún vann hjá svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Ísafirði.

„Vinnan hjá svæðisskrifstofunni kveikti vissulega áhuga minn á að vinna með fólki,“ segir Milla, en hún útskrifaðist sem iðjuþjálfari frá Háskólanum á Akureyri vorið 2003. „Starf iðjuþjálfans er ótrúlega fjölbreytt, og skemmtilegt. Við vinnum með fólki og aðstoðum það við að finna og nýta styrkleika sína, og

byggja sig upp út frá eigin þörfum, væntingum og vilja. Það er mjög spennandi.“

Í byrjun árs hóf Milla störf hjá Hlutverkasetri, sem er í eigu AE starfsendurhæfingar. Meginmarkmið Hlutverkaseturs er að efla virkni og þátttöku fólks með færniraskanir og þeirra sem misst hafa hlutverk í samfélaginu.

„Starfsemi Hlutverkaseturs gefur tækifæri til að skapa ný hlutverk, eykur þátttöku fólks í samfélaginu, sem leiðir til aukinnar verðmætasköpunar um leið og komið er í veg fyrir að einstaklingar verði á varanlegum örorku- eða atvinnuleysisbótum og þurfi á fjárhagsaðstoð að halda. Reynt er að skapa tækifæri til starfa á almennum vinnumarkaði með eftirfylgd.“

Við hjá Hlutverkasetri höfum verið í samstarfi við Hugarafl, samtök einstaklinga sem hafa glímt við geðsjúkdóma en eru á batavegi. Hlutverka-

setur hefur gert þjónustusamning við félagsmálaráðuneytið sem felur m.a. í sér gæðapróunarverkefni sem heitir Notandi spyr notanda, en notendur eru skilgreindir fólki sem nýtir sér félags- eða heilbrigðiskerfið. Sjó öryrkjar, sem allir hafa reynslu af því að vera með geðsjúkdóm starfa nú að verkefninu, auk tveggja iðjuþjálfara.“

Í samningnum við félagsmálaráðuneytið felst einnig fræðsla úti á landi og á þessu ári verður Hlutverkasetur með fræðsludaga víðsvegar um landið.

„Við erum þegar búin að fara til Akureyrar og erum að koma til Ísafjarðar með fræðsludaga núna í byrjun júní. Á fræðsludögum kynnum við valdeflingu (e. empowerment) og batahvetjandi þjónustu. Valdefling er hugmyndafræði sem getur átt við í allri vinnu með fólki. Hvort sem um er að ræða í stjórnunarfræðum

til þess að auka þátttöku starfsmanna í ákvarðanatöku hjá fyrirtækjum eða í vinnu með fólki sem glímir t.d. við sjúkdóma, fátækt eða atvinnuleysi. Það er grundvallaratriði í hugmyndafræði valdeflingar að hafa vald til að taka ákvarðanir um eigið líf, að láta ekki annað fólk eins og t.d. meðferðaraðila, vini eða fjölskyldumeðlimi taka stjórnina af viðkomandi.“

Batahvetjandi þjónusta snýst í raun um það hvernig hægt er að ná bata, auka lífsgæði og vera virkur þátttakandi í samfélaginu, hvort sem fólk hefur glímt við líkamlega eða félagslega sjúkdóma, eða geðraskanir.

Fræðsla okkar er byggð á notendaránnsókn, þ.e. hvaða þjónusta notendum finnst nýttast sér best og skila mestum árangri. Það sem mér finnst mest spennandi við þetta verkefni er að í því eru notendur sjálfir að segja frá sinni reyn-

slu og hvað þeim finnst virka best í sínum bata, en ekki bara fagfólk að segja frá starfi sínu og einhverjum rannsóknnum og könnunum sem hafa verið gerðar. Rödd notenda fær því að heyrast, hvað vilja þeir og hvaða þjónustu vilja þeir sjá bættu o.s.fv. Fagfólk mun þó einnig vera með erindi á fræðsludögum, auk fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu og fulltrúa atvinnulífisins.

Við reynum að tengja fræðsludagana á hverjum stað sem mest við heimamenn, þannig að á Ísafirði verða erindi haldin af Vestfirðingum líka. Þessi ráðstefna er opin öllum, en hentar sérstaklega þeim sem vinna með fólki innan heilbrigðis- eða félagsmálageirans, hvort sem það er hjúkrunarfræðingur, lækur, prestur eða félagsráðgjafi, auk þess sem notendur þessarar þjónustu og aðstandendur þeirra eru hvattir til að koma.“

– tinna@bb.is

## Fjórir um stöðu forstöðumanns

Fjórir hafa sótt um stöðu forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Þeir eru Freydis Jóna Freysteinsdóttir frá Hafnarfirði, Margrét Geirsdóttir á Ísafirði, Pétur Björnsson á Flateyri og Unnar Reynisson á Suðureyri. Hafin eru starfsviðtöl við umsækjendur. Eins og greint hefur verið frá hefur Ingibjörg María Guðmundsdóttir, núverandi forstöðumaður, verið ráðinn skólastjóri Þjórsárskóla í Skeiða- og Gnjúpverjahreppi og á hún að hefja störf þann 1. júní samkvæmt samningi.



## 60 sekúndur með Ísfirðingnum Dóru Hlín Gísladóttur, sem er við nám í Svíþjóð

–Sæl Dóra Hlín, ég ætlaði að forvitnast örstutt um hvað þú ert að gera í Svíþjóð.

„Ég er í mastersnámi í efnaverkfræði með áherslu á orkutækni við Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi. Núna er ég að vinna að lokaverkefninu mínu við skólann.“

–Um hvað fjallar verkefnið?

„Það snýst um að skoða möguleikana á að fanga koltvísýring og endurnýta kolefnisatómin. Koltvísýringurinn ásamt vetnisgasi yrði hvarfaður yfir í dísil olíu í gegnum svokallað Fischer-Tropsch hvarf. Með þessum hætti er í rauninni verið að umbreyta rafmagn í eldsneyti og minnka útblástur í leiðinni. Þetta er sérstaklega áhugvert fyrir Íslendinga þar sem við viljum gjarna minnka útblástur koltvísýrings og gjarna verða orkulega sjálfbærari.“

–Hvernig líkar þér vistin í Svíþjóð?

„Mér líkar vistin hér mjög vel, finnst Stokkhólmur skemmti-

leg borg - margt að sjá og skoða og gaman að búa í stórborg. Skólinn er mjög góður og öll aðstaða til fyrirmyndar.“

–Ég frétti af þér í Noregi nýlega, hvað varstu að gera þar?

„Í Noregi var ég í atvinnuviðtali, nánar tiltekið í Osló, en ég er að fara að vinna þar næsta haust, hjá stofnun sem heitir Nordisk Energiforskning. Það er stofnun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem höfð er yfirumsjón með ýmsum orkurannsóknum sem framkvæmdar eru á Norðurlöndunum.“

–Hvað verðurðu þar lengi?

„Ég verð þar í fjóra mánuði, en flyt svo aftur til Ísafjarðar í desember.“

–Hvað tekur þá við hjá þér?

„Það er eitthvað sem tíminn verður bara að leiða í ljós“

–Takk fyrir spjallið Dóra, og gangi þér vel.

– tinna@bb.is

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Suðaustan 5-10 m/s og væta sunnanlands en bjart með köflum fyrir norðan. Hiti 8-20 stig. **Horfur á laugardag:** Austanátt og rigning sunnanlands e annars þurrveðri. Hiti 8-20 stig, hlýjast á Norðurlandi. **Horfur á sunnudag:** Suðaustanátt og víða væta, einkum sunnanlands. Hiti 10-18 stig. **Horfur á mánudag:** Sunnanátt og skúrur víða um land. Hiti breytist lítið.



Sælkeri vikunnar er Kristín Ólafsdóttir á Ísafirði

## Karrý kjúklingur og eplakaka

Sælkeri vikunnar býður upp á ljúffengan karrý kjúklingarétt sem er sannkölluð veisla fyrir bragðlaukana. Kristín ferskt kóríander og ristadar kókosflögur yfir réttinn áður en hann er reiddur fram. Í eftirrétt er eplakaka eins og hún gerist best. Rétt er að geta að Kristín hljóp í skarðið fyrir þau sem skorað var á í síðustu viku en vegna óviðráðanlegra aðstæðna gátu þau ekki brugðist við áskoruninni.

### Karrý kjúklingur

4 kjúklingabringur  
3 söxuð hvítlauksrif  
1 msk romm  
2 msk olía  
1 saxaður laukur  
1 msk karrýduft  
1/2 bolli kókosmjólk  
2 tsk sesamolíu  
1/2 chilli

klst. eða yfirnótt. Hitið olíuna á pönnu og létt steikið laukinn. Steikið síðan kjúklinginn. Takið aðra pönnu og látið kókosmjólkina, sesamolíuna og karrýið saman. Bætið kjúklingnum út í og hitið allt saman. Bætið chilli við ef vill. Borið fram með hrisgrjönum.

### Eplakaka

250 g sykur  
150 g smjörlíki  
3 egg  
230 g hveiti  
1/2 tsk lyftiduft  
2 stór epli  
50-75 g saxað suðusúkkulaði  
kanelsykur

Helmingurinn er settur í botn á köku formi. Eplin, kaniillinn og súkkulaðið sett á milli. Restin af deiginu er sett yfir. Bakist við 175°C í 1 klst.

Látið kjúklinginn, rommið og hvítlaukinn í skál og látið liggja í mareningu í nokkrar

Ég skora á Eygló Valdímarsdóttur Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.

## Edinborgarhúsið og Ísafjarðarbær bjóða til fagnaðar í tilefni af opnun Edinborgarhússins á Ísafirði

Athöfnin fer fram í húsinu á sjómannadaginn 3. júní kl. 14:00. Auk þess að vera eitt af menningarhúsum landsbyggðarinnar státar Edinborgarhúsið af aldarafmæli um þessar mundir.

Það væri okkur mikill heiður að sem flestir sæu sér fært að gleðjast með okkur þennan dag.



## Einbýlishús til sölu

Til sölu er einbýlishúsið að Fagraholti 11 á Ísafirði. Um er að ræða mikið endurnýjað 140m<sup>2</sup> hús auk 40m<sup>2</sup> bílskúrs. Ásett verð er kr. 23.500.000.-

Upplýsingar eru veittar í sínum 860 7443 (Svavar) og 695 2222 (Hildur).



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Sjáumst á  
Suðureyri!



**bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn**

## Vestfirðir fá rúmlega 30% byggðakvótans

Sjávarpláss á Vestfjörðum fá samtals 1.362 þorskígildistonn um úthlutað af byggðakvóta sem Fiskistofa hefur úthlutað. Í ár er 4385 þorskígildistonn skipt á milli sjávarbyggða, sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í afla, aflaheimildum og afla til vinnslu á botnfiski. Ísafjarðarbær fær mestu út-

hlutað af öllum sveitarfélögum á landinu, en Hnífsdalur, Þingeyri, Suðureyri og Ísafjörður fá samtals 454 þorskígildistonn um úthlutað, eða rúmlega 10% heildarúthlutunar.

Patreksfjörður, Bildudalur og Brjánslækur í Vesturbyggð fá samtals 349 þorskígildistonn, og er þetta þriðja stærsta

úthlutunin á eftir Ísafjarðarbæ og Norðurþingi. Súðavíkurhreppur fær 204 tonn, Tálknafjarðarhreppur fær 87 og Bolungarvík 68. Af sveitarfélögum á Ströndum fær Árneshreppur 15 tonnum úthlutað, Kaldraneshreppur fær 48 tonn og Strandabyggð 137 tonn.

– tinna@bb.is



Frá höfninni á Flateyri.



Helga Vala Helgadóttir með Edinborgarhúsið í baksýn.

## Helga Vala tekur að sér rekstur veitingahúss Edinborgarhússins

Helga Vala Helgadóttir, bæjarstjórafrú og lögfræðinemi í Bolungarvík, hefur tekið að sér rekstur veitingahúss í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Í húsinu, sem nú er verið að ljúka við að gera upp, verður 100 sæta veitingasalur auk leiksals. Helga Vala segist afar bjartsýn á framtíð hússins.

„Þetta verður kaffihús og

veitingahús í bland. Þetta verður ekki búlla, við ætlum að hafa þetta fallegt hús sem gott er að koma inn í og þar sem boðið verður upp á skemmtilega léttu rétti, uppákomur og veislur“, sagði Helga Vala í samtali við blaðið. Edinborgarhúsið var byggt árið 1907 og er eitt stærsta timburgrindarhús sem byggt

hefur verið á Íslandi. Unnið hefur verið að því undanfarnin ár að gera Edinborgarhúsið upp. Það var teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn. Eins og greint hefur verið frá er stefnt að því að húsið verði opnað á sjömannadag.

Fjölbreytt starfsemi hefur

farið fram í Edinborgarhúsinu í gegnum tíðina m.a. saltfiskverkun og rækjuvinnsla. Í rúman áratug hafa ýmis félagsamtök unnið að uppbyggingu þess sem menningararmiðstöðvar. Edinborgarhúsið er eitt þriggja menningarhúsa á Vestfjörðum samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar.



Gunnbjörn ÍS.

## Birtir til í rækjuíðnaði

Gunnbjörn ÍS, áður Framnes, landaði í síðustu viku rúmum 30 tonnum af úthafsrækju, eftir sex sólarhringa á veiðum. Afliinn fór í vinnslu hjá Miðfelli á Ísafirði. Þetta er þriðja rækjulöndun Gunnbjarnar eftir að skipið hóf rækjuveiðar á ný í byrjun mánaðarins. Ferskri rækju hafði þá ekki verið landað á Ísafirði frá því Framnesinu lagt fyrir einu og hálfu ári.

Jón Guðbjartsson, útgerðarmaður hjá Birmi ehf. segir að um tilraun sé að ræða, það muni koma í ljós hvort áframhald verði á veiðunum, aflabrogð og afurða-

verð ráði því. Ekki hefur verið bjart yfir rækjuútgerð og -iðnaði í mörg ár. Verðlág og aflabrogð léleg. Var það ástæðan fyrir því að Hraðfrystihúsið – Gunnvör sá sig knúð til að hættu veiðum og vinnslu á rækju.

Skipstjóri í veiðiferðinni var Jón Steingrímsson og fékkst rækjan norður af Djúpinu og er þetta ágæt rækja. Tvö önnur skip frá Ísafirði eru á rækjuveiðum, Óli Hall HU og Strákur SK. Þau eru á veiðum vestur af landinu og landa á Snæfellsnesi og er aflanum keyrt til Ísafjarðar til vinnslu hjá Miðfelli. – smari@bb.is

# Almenningshlutafélag til bjargar?

Komið hefur upp sú hugmynd að stofna almenningshlutafélag sem keypti aflaheimildir til Vestfjarða til að bregðast við ástandinu sem komið er upp á Flateyri við yfirvofandi lokun fiskvinnslunnar Kams. „Við vitum náttúrulega ekki ennþá hvernig spilast út með sölu aflaheimilda“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, þegar hann er spurður

hvernig brugðist verður við ástandinu á Flateyri, „en meðal hugmyndanna sem komið hafa upp er að stofnað verði almenningshlutafélag, í eigu margra aðila á norðanverðum Vestfjörðum, sem stæði fyrir kaupum á aflaheimildum til svæðisins. Þá verður skipaður sérstakur teymishópur til að vernda hagsmuni starfsfólksins missi það vinnuna.“

Í hópnum er áætlað að verði



Halldór Halldórsson.

fulltrúar frá sveitarfélögum svæðisins, skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Íbúasamtökum Önundarfjarðar, Rauða kross deild Önundarfjarðar, svæðisvinnumiðlun, fjölmenningssetri, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, Kambi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Lagt hefur verið til að ráðinn verði sérstakur verkefnisstjóri sem

vinnur með hópnum, og verið er að leita að manneskju í það.

Halldór segir að næstu daga verði vel fylgst með þróun málsins. „Atburðarrásin hefur verið afar hröð en við vitum ekkert hvernig málið endar. Auðvitað er vonast til að útgerðarmenn hér á svæðinu kaupi sem mest af aflaheimildunum en ef það gengur ekki eftir þarf að skoða hvort möguleiki sé á úthlutun byggða-

kvóta, eins og gert var á Þingeyri. Þar fékkst sérstakur byggðakvóti í gegnum Byggðastofnun og var honum úthlutað til 5 ára, gegn því að útgerð tvöfaldaði kvótann með eigin framlagi og allt væri unnið á staðnum.“

Halldór segir það ljóst að til að takast á við þetta mál þurfi sem allra flestir að stilla saman sína strengi og vinna að lausn á vandanum.